

Nd.

587. Breytingartillaga

[122. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1973.

Frá fjármálaráðherra.

Við 8. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Í tilefni af því, að nú er unnið að athugun á hafnargerðum á suðurströndinni
vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á vegum Alþjóðabankans í samráði við Seðla-
banka Íslands og ljóst er, að niðurstaða þeirrar athugunar mun ekki liggja fyrir,
áður en Alþingi lýkur störfum, er ríkisstjórninni heimilt að taka innlent eða erlent
lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. til þeirrar hafnargerðar, ef ákveðin yrði.